

Borgarráð

***Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um hegðunarreglur síðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga.***

Á fundi borgarráðs 12. september 2019 lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir að borgarráð fái drög að hegðunarreglum og brota á þeim fyrir kjörna fulltrúa sem fagteymi Sambands íslenskra sveitarfélaga vinnur að, dags. 20. ágúst 2019.

Fyrirspurninni var vísað til vinnslu á skrifstofu borgarstjórnar sem óskaði eftir drögum um fagteymi sambandsins vegna brota á hegðunarreglum fyrir kjörna fulltrúa, dags. 20. ágúst 2019, og uppfærðar hegðunarreglur, dags. 21. ágúst 2019. Samkvæmt upplýsingum sem bárust frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er málið enn í vinnslu og ekki tímabært að gera drögin opinber. Drögin verða lögð fyrir stjórn sambandsins en ekki liggur fyrir hvenær það verður.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar